

Ytra mat

Leikskólinn Hæðarból

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2380-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Húsnæði og útileiksvæði	8
Starfsmenn.	8
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn.	11
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Matsþættir	25
Samantekt.	26
Lokaorð	29
Heimildir.	30



Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hæðarból er vel búinn fagfólki. Mikill meiri hluti starfsmanna í starfi með börnum hefur leikskólakennaramenntun og leikskólinn uppfyllir því ákvæði laga hvað varðar að $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljast til stöðugilda leikskólakennara. Leikskólinn hefur sett sér stefnu og skilgreint þá hugmyndafræði og áherslur sem starfið byggir á. Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnuna og hún er vel sýnileg í starfi með börnunum. Þó svo að húsnaði leikskólans uppfylli lágmarkskröfur varðandi rými leikskólahúsnaðis í lögum um leikskóla þá er engu að síður brýn þörf á að bæta aðstöðu barna og starfsmanna í Hæðarbóli. Einnig er þörf á að gera lagfæringar á útileiksvæði barnanna og fjölga þar leiktækjum.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er vel stjórnað og er leikskólastjóri faglegur og metnaðarfullur leiðtogi. Starfsþróunar-samtöl eru regluleg og vel er staðið að símenntun starfsmanna. Til fyrirmyndar er hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf og hvernig lítið er til mannauðs við skipulag faglegs starfs. Metnaður er í starfsmannahópunum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott. Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn samhentur. Ákvarðanatataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og til fyrirmyndar er það verklag að senda foreldraráði allar fundargerðir stjórnendafunda. Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsmanna og þeim líður vel í vinnunni. Allar lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir skólastarfið liggja fyrir en huga þarf að endurskoðun skólanámskrár og gera í henni grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum og komið er fram við börnin eins og jafningja. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og mikið er rætt við þau. Sýnilegt er að börnunum líður vel og samskipti eru góð. Mikið er af felliborðum í leikskólanum og hafa börnin því gott rými til gólfleikja. Dagskipulag einkennist af vinnustundum, frjálsum leik og útvíst. Á síðasta skólaári var byrjað á þróunarverkefni þar sem dagskipulag var endurskoðað og teknar upp vinnustundir. Í vinnustundum er unnið með ákveðin afmörkuð verkefni í hálfra eða heila klukkustund í senn og er börnunum þar skipt í fjögurra til sjö barna hópa eftir aldri þvert á deildar. Sami starfsmaður sér um hverja vinnustund og fer það eftir áhugasviði hvers og eins hvaða vinnustund hann stjórnar. Starfsfólk er ánægt með þessa breytingu og finnst gaman að sérhæfa sig. Engu að síður kom fram að starfsfólki finnst álag hafa aukist við þetta fyrirkomulag. Tækifæri til umbóta í uppeldis og menntastarfi liggja í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á viðfangsefni og skipulagðar stundir. Einnig má huga að því að marka stefnu um námsgögn og bæta aðgengi barna að leikfni.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af virðingu og hlýju. Foreldrum finnst mikil fagmennska og metnaður einkenna starfið og gott að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og starfar það náið með leikskólastjóra. Foreldraráðið hefur ekki gert starfsáætlun eða vinnureglur og fundargerðir eru ekki birtar opinberlega. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Að hausti er gerð áætlun um samstarf leikskólans og Hofstaðaskóla. Mikið samstarf er við Hofstaðaskóla og Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann vel utan um vinnuna með sérkennslubörn. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barna og vel er staðið að fræðslu til starfsmanna. Leikskólinn er vel búinn þjálfunargögnum en ekki er gert ráð fyrir nema einu herbergi fyrir sérkennslu og á morgnana þarf að skipuleggja nýtingu á því. Reglulegir fundir eru með sérkennsluráðgjafa og talmeinafræðing og kemur sálfræðingur einnig á þá fundi þegar þörf er á. Talmeinafræðingur kemur einu sinni í viku til að vinna með börnum sem þurfa aðstoð. Ekki hefur verið gerð sérstök móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku en stuðst er við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Boðið er upp á tulkapjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Innra mat í Hæðarbóli er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi. Markmið leikskólans eru metin og skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna, foreldra og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu. Til fyrirmyndar er þátttaka barna í að meta leikskólastarfið. Niðurstöður foreldrakannana eru formlega kynntar fyrir foreldrum og leitað er eftir hugmyndum þeirra um leiðir til umbóta. Gerð er grein fyrir niðurstöðum innra mats í ársskýrslu og í mats- og starfsáætlun og fjallað er um leiðir til úrbóta. Leita má leiða til að tengja mat á námi og framförum barna í innra mat og setja umbótaáætlun fram með skýrari hætti.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hæðarbóli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur, Ingu Dóru Jónsdóttur og Herdísí Ernu Gunnarsdóttur og fór fram á vettvangi 5., 6. og 7. nóvember 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólalþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólalþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í október á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara og aðra fagaðila í starfi með börnum, sérkennara, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við leikskólafulltrúa Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og leikskólafulltrúa Fræðslu- og menningarsviðs til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Hæðarból í Garðabæ tók til starfa árið 1991 og er ætlaður börnum á aldrinum tólf mánaða til sex ára.⁴ Við Hæðarból stunda að jafnaði 52 börn nám hverju sinni. Deildir Hæðarbóls eru þrjár: Hof er fyrir börn á aldrinum átján mánaða til tveggja ára, Holt og Hlíð eru fyrir börn frá tveggja til sex ára. Leikskólinn er opin frá 7:30-17:00 alla daga.

Veturinn 2019-2020 dvelja 53 börn við nám í Hæðarbóli, 28 stúlkur og 25 drengir á aldrinum átján mánaða til sex ára. Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Eitt barn er með annað móðurmál en íslensku og tvö börn eru tvítyngd.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Engu að síður er þörf á að bæta aðstöðu barna og starfsmanna. Í salernisherbergjum barnanna eru til að mynda eingöngu salerni í fullri stærð og sums staðar geta börnin ekki lokað að sér. Betri aðstöðu vantar til að skipta á börnum á öllum deildum. Ekki er aðstaða til að þurrka útiföt barnanna og voru foreldrar í rýnihópi sérstaklega óánægðir með það. Einungis eitt rými er fyrir starfsfólk til undirbúnings, samráðs og funda með foreldrum sem kemur í veg fyrir að starfsfólk geti tekið undirbúningstíma í leikskólanum á þeim tímabilum sem foreldraviðtöl standa yfir. Þá er aðeins eitt salerni fyrir starfsmenn. Eldhús er lítið sem og aðstaða til þvotta.

Útileiksvæði barnanna er nokkuð stórt. Það er tvískipt og því möguleiki að hafa yngri börnin á sérsvæði. Ekki er mikið af leiktækjum á útileiksvæði, sérstaklega ekki á því svæði sem ætlað er yngri börnunum. Litla leiksvæðið er einnig frekar lítið og rúmar ekki vel þau börn sem dvelja á yngstu deildinni. Útileiksvæðið allt þarfnast lagfæringar og var bent á í viðtölum og rýnihópum að það væri illa drenað og því mynduðust tjarnir í leysingum.⁵

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að helsti veikleiki leikskólans væri aðstöðuleysi og skortur á viðhaldi bæði úti og inni. Í samtali við leikskólafulltrúa Garðabæjar kom fram að leikskólhúsnæðið væri barn síns tíma og Garðabær væri í vegferð að endurbyggja leikskóla bæjarins til að mæta breyttum kröfum um leikskólhúsnæði og geta tekið á móti yngri börnum.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 20 starfsmenn í 16,3 stöðugildum, 19 konur og einn karlmaður. Sex stjórnendur eru í Hæðarbóli, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og þrjár deildarstjórnar. Stjórnunarhlutfallið er 5,3 stöðugildi. Fjórir af sex stjórnendum eru leikskólakennarar, einn er grunnskólakennari og einn (sérkennslustjórinn) er þroskaþjálfari. Leikskólastjóri er jafnframt með framhaldsmenntun í stjórnun. Fyrir utan stjórnendur starfa sex leikskólakennarar við leikskólann, tveir þroskaþjálfarar, einn listmeðferðarfræðingur og þrjú leikskólaleiðbeinendur. Tveir leiðbeinendanna eru með háskólagráðu, annar í uppeldis- og menntunarfræði og hinn í viðskiptafræði. Þriðji leiðbeinandinn hefur lokið námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa við Borgarholtsskóla. Starfsmenn eldhúss eru tveir.

Leikskólinn er vel búinn fagfólki. Mikill meiri hluti starfsmanna í starfi með börnum hefur kennaramenntun. Þroskaþjálfarar og listmeðferðarfræðingur starfa allir við sérkennslu. Leikskólinn uppfyllir því ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að ⅓ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara.

4 Leikskólafulltrúi Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

5 Rýnihópar foreldra, deildarstjóra, fagaðila og viðtal við leikskólastjóra.

Hugmyndafræði og áherslur

Leiðarljós Hæðarbóls er jákvæð samskipti, gleði, ábyrgð, virðing og vinátta.⁶ Einkunnarorð leikskólans eru *gleði, leikur og nám* og eiga þau gildi samkvæmt skólanámskrá að fléttast inn í alla starfs- og kennsluhætti. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir uppeldisfræðilegri stefnu leikskólans sem byggir á hugmyndafræði John Dewey um að börn læri með því að gera. Einnig hefur frá árinu 2004 verið unnið eftir uppbyggingarstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu og að byggja upp ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn barna. Vináttuverkefni Barnaheilla, sem var þróunarverkefni í leikskólanum skólaárið 2016-2017, var í rýnihópum einnig nefnt sem áhersluþáttur í starfi leikskólans.⁷

Deildarstjórar, leikskólakennarar og fagfólk í rýnihópum og foreldrar þekktu vel stefnu leikskólans *Uppeldi til ábyrgðar* og töldu hana sýnilega í starfinu. Gildi leikskólans voru þeim sem rætt var við hins vegar ekki eins ofarlega í huga og voru þau ekki sýnileg í umhverfinu. Á vettvangi sást að unnið er í samræmi við *Uppeldi til ábyrgðar* og áherslur leikskólans um vináttu. Fram kom í öllum viðtölum og rýnihópum ánægja með stefnu og áherslur leikskólans.

Styrkleikar

- Leikskólinn er vel búinn fagfólki og uppfyllir ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara.
- Stefna leikskólans, hugmyndafræði og áherslur eru skýrar. Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnuna og hún er vel sýnileg í starfi með börnunum.

Tækifæri til umbóta

- Setja barnasalerni í öll salernisherbergi barna og hafa möguleika á að loka salernin af. Einnig þarf að bæta skiptiaðstöðu barna og aðstöðu til að þurrka útifatnað.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til undirbúnings starfsmanna, fjölga salernum fyrir starfsmenn og stækka eldhús og þvottaaðstöðu.
- Gera lagfæringar á útileiksvæði barnanna, bæta dren, fjölga leiktækjum og stækka leiksvæði sem ætlað er yngstu börnunum.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri í leikskólanum.

6 Skólanámskrá leikskólans Hæðarbóls.

7 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara og fagaðila.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Leikskólinn Hæðarból er rekinn af Garðabæ og er einn af fimmtán leikskólum sem starfræktir eru í bænum.⁸ Leikskólinn heyrir undir Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar og er leikskólafulltrúi sviðsins næsti yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólafulltrúi er faglega ráðgefandi og stuðningur við leikskóla bæjarins ásamt því að standa vörð um að lögbundnum verkefnum sé sinnt.⁹ Leikskólanefnd Garðabæjar fer með málefni leikskóla samkvæmt lögum og reglugerð um starfsemi leikskóla, sveitarstjórnarlögum og því sem bæjarstjórn felur henni.¹⁰ Leikskólanefnd hefur umsjón með uppbyggingu og rekstri leikskóla í bænum. Nefndin er skipuð fimm fulltrúum. Veturinn 2019-2020 situr leikskólastjóri Hæðarbóls sem fulltrúi leikskólastjórnenda í Garðabæ mánaðarlega fundi leikskólanefndar. Garðabær hefur sett sér skólafund og var hún samþykkt vorið 2014.¹¹ Leiðarljós stefnunnar eru: *Metnaður, virðing, sköpun og gleði*.

Að sögn leikskólastjóra er gott samstarf við leikskólafulltrúa á Fræðslu- og menningarsviði og leikskólinn hefur góðan aðgang að skólafjórðun á vegum bæjarins. Leikskólastjóri fundar mánaðarlega með leikskólafulltrúa og öðrum leikskólastjórnendum í Garðabæ. Einnig eru reglulega fundir með öllum forstöðumönnum bæjarins ásamt bæjarstjóra. Fram kom í samtali við leikskólafulltrúa Garðabæjar að samskipti við leikskólastjóra Hæðarbóls eru mjög farsæl. Nefndi hann að leikskólastjórinn væri reynslumikill stjórnandi og hefði sterka sýn á uppeldi og nám barna ásamt því að vera vel að sér í lögum og reglugerðum sem gilda fyrir leikskóla. Benti hann enn fremur á að leikskólastjóri næði vel að virkja starfsmannahópinn í að vinna eftir sýn leikskólans.

Námskrá og áætlanir

Endurskoðuð skólanámskrá Hæðarbóls kom út 2017. Skólanámskráin uppfyllir að mestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þó vantar að gera grein fyrir skipulagi sérfræðisþjónustu samkvæmt reglugerð nr. 986/2010 og gera grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 856/2011. Enn fremur þarf í skólanámskrá að fjalla um vinnulag og aðferðir við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni eins og tiltekið er í aðalnámskrá. Í skólanámskrá kemur skýrt fram að hún er útfærsla leikskólans á aðalnámskrá en ekki er fjallað um tengingu skólanámskrár við skólafund Garðabæjar. Þá er þörf á að gera í skólanámskrá grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans í tengslum við vinnustundir og þátttöku barna í innra mati ásamt því að uppfæra heiti deilda. Fram kom í rýnihópum og viðtölum að allt starfsfólk og foreldrar hafi komið að endurskoðun skólanámskrár og foreldraráð hafi fengið hana til umsagnar.¹²

Mats- og starfsáætlun 2019-2020 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í starfsáætlunar skjalinu er ekki að finna skólafund og hagnýtar upplýsingar um skólafund eins og tilgreint er í aðalnámskrá leikskóla en allar þessar upplýsingar eru engu að síður aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Tengsl innra mat leikskólans og starfsáætlunar eru dregin skýrt fram. Starfsáætlun er unnin í samvinnu starfsfólks og lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.

Aðrar lögbundnar áætlanir og stefnur liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, svo sem aðgerðaáætlun gegn einelti, viðbragðsáætlun vegna slysa eða áfalla, jafnréttisáætlun, áætlun um móttöku nýrra barna og stefna um upplýsingaöryggi. Starfsmannahandbók hefur líka verið unnin og er á heimasíðu.

8 Heimasíða Garðabæjar.

9 Samtal við leikskólafulltrúa Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

10 Heimasíða Garðabæjar.

11 Heimasíða Garðabæjar.

12 Rýnihópar foreldra og deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Hæðarbóls mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri. Fundir í stjórnendateymi eru haldnir vikulega í klukkutíma í senn. Skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum sem sendar eru í tölvupósti til starfsmanna auk þess sem mappa með öllum fundargerðum liggur frammi á kaffistofu starfsmanna. Til fyrirmyndar er að allar fundargerðir stjórnendafunda eru einnig sendar foreldraráði til upplýsingar. Upplýsingaflæði innan leikskólans er að sögn starfsmanna gott.

Aðstoðarleikskólastjóri var nýtekinn til starfa sem slíkur þegar ytra matið fór fram en hún starfaði áður sem deildarstjóri. Leikskólastjórnendur eru að hluta með skýra verkaskiptingu sem felst í að aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á að yfirfara vinnustundir, hefur yfirumsjón með matseðli og sér um viðburðadagatal á heimasíðu.¹³ Verkaskiptingin er ekki skráð og sagði leikskólastjóri í viðtali að hún legði áherslu að aðstoðarleikskólastjóri væri vel inni í öllum málum og gæti gripið inn í allt. Skipurrit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og starfsdagar eru þrír á ári.¹⁴ Starfsmannafundir eru aðallega nýttir til símenntunar. Lagt er upp með að halda vikulega deildarfundi á hverri deild á dagvinnutíma og deildirnar aðstoða hver aðra með börnin til að það gangi eftir. Samkvæmt deildarstjórum gerist það ekki oft að deildarfundir falli niður en það sé þá helst vegna manneklu. Í rýnihópi leikskólakennara og fagaðila kom fram að þetta haust hafi deildarfundir mikið fallið niður á eldri deildum. Niðurstöður deildarfunda eru aðgengilegar í bókum á deildum.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið liggur fyrir og er hún unnin í samvinnu starfsfólks. Símenntun fer fram á starfsmannafundum og á starfsdögum auk þess sem starfsmenn eru hvattir til að sækja sér símenntun sem nýtist þeim í starfi. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að fólk er hvatt til símenntunar. Leikskólakennarar fá undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningum og aðrir starfsmenn fá einnig undirbúningstíma. Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn tvisvar á ári.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.¹⁵ Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Garðabær hefur útbúið gátlista fyrir stjórnendur um efnisatriði sem þeir eiga að fara yfir með nýjum starfsmanni þegar hann hefur störf. Leikskólastjóri styðst við þennan gátlista og bendir starfsmanni auk þess á að lesa starfsmannahandbók sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Deildarstjórar sjá um að leiða nýjan starfsmann inn í faglegt starf á deildum en verklagið í kringum það hefur ekki verið skráð en það var í vinnslu þegar matið fór fram.¹⁶

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali leitast við að vera réttisýnn stjórnandi og hafa heiðarleika, glaðværð og dugnað að leiðarljósi. Hún fer reglulega inn á deildir og leysir af ef þarf. Í haust hefur hún verið í því hlutverki að taka á móti börnunum á morgnana og sjá um morgunmat. Að mati bæði starfsfólks og foreldra er leikskólastjóri sýnilegur og aðgengilegur. Leikskólakennarar og aðrir fagaðilar í rýnihópum sögðu leikskólastjóra vera faglegan leiðtoga, hún væri hvetjandi, kærleiksrík og lausnamiðuð. Þeir sögðu hana ganga í verkin og ljúka málum og hún ætti auðvelt með að fá fólk til liðs við sig til að prófa nýja hluti. Börnin sem tóku þátt í rýnihópi sögðust þekkja vel leikskólastjóran og sögðu hana oftast vera að vinna í tölvunni. Eitt barnið sagði: „Hún er líka með tölvu sem sér allt og hvort við erum að stelast til að klifra yfir girðinguna.“ Annað barn sagði að leikskólastjóri „fylgist með krökkunum og er oft að tala við kennarana og er mikið að passa leikskólann. Ef maður er mjög óþekkur þá þarf maður að tala við hana.“ Í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir á vegum Skólapúlsins veturinn 2017-2018 er stjórnun leikskólans metin marktækt betri heldur en að jafnaði hjá þeim leikskólum sem tóku þátt í könnuninni.

13 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

14 Viðtal við leikskólastjóra.

15 Viðtal við leikskólastjóra.

16 Rýnihópur deildarstjóra.

Leikskólastjóri sagðist fylgjast með starfinu og leiðbeina starfsfólki eftir þörfum en hún fer ekki gagnert inn á deildir til að fylgjast með og gefa endurgjöf. Að sögn leikskólakennara og fagaðila í rýnihópi er leikskólastjóri mikið á ferðinni um leikskólann. Þeir sögðu hana leiðbeina ef á þyrfti að halda og hún væri dugleg að hrósa. Deildarstjórar sögðust fylgjast með námi og kennslu á sinni deild og veita endurgjöf eftir bestu getu. Þeir nefndu að starfsmannahópurinn væri faglega sterkur og starfsmenn leiðbeindu hver öðrum á jafningjagrunvelli. Sérstaklega hefur verið rætt um það í starfsmannahópnum að starfsfólk leiðbeini hvert öðru og sýni þakklæti þegar því er leiðbeint.¹⁷ Fram kom í öllum viðtölum og rýnihópum að vinnubrögð í leikskólanum eru lýðræðisleg, starfsfólk tekur þátt í allri ákvarðanatöku og styður vel hvert við annað. Einnig var oft nefnt að starfsfólk hrósaði hvert öðru.

Í leikskólanum hafa verið í gangi ýmis þróunarverkefni og endurskipulagning á starfsháttum undanfarin ár. Meta matsaðilar til fyrirmyndar hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf og hvernig mannauðurinn er nýttur. Dæmi um það er til að mynda yfirstandandi þróunarverkefni um vinnustundir þar sem störf starfsfólks eru skipulögð með þeim hætti að hver og einn fær að njóta sinna styrkleika og áhugasviðs og blómstra þannig á sínum forsendum. Að sögn deildarstjóra, leikskólakennara og fagaðila í rýnihópum er hugmyndum að nýjungum í starfsháttum mjög vel tekið. Starfsfólk er hvatt til að sýna frumkvæði og stutt til að framkvæma hugmyndir sínar.

Starfsandi og starfsánægja

Í viðtölum og rýnihópum stjórnenda, deildarstjóra, leikskólakennara og fagfólks kom fram að starfsandinn í leikskólanum er mjög góður. Í því samhengi var meðal annars nefnt að einkennandi fyrir starfsandann væri jákvæðni, gleði og kærleikur, gagnkvæm virðing og samheldni, jafnræði og traust, virkni og metnaður. Fólk var sammála um að tillit væri tekið til ólíkra sjónarmiða, umræðan væri opin og fólk væri óhrætt við að koma fram með sínar skoðanir. Í framangreindri starfsmannakönnun Skólaláttamálsins mældist bæði starfsánægja og starfsandi í Hæðarbóli marktækt hærri en meðaltal leikskóla sem tóku þátt í könnuninni. Einnig var leikskólinn marktækt hærri en aðrir þátttökuskólar hvað samstarf varðar.

Til að viðhalda góðum starfsanda hefur starfsfólk gert með sér vinnusáttmála sem snýr að því að það sýnir hvert öðru virðingu og kurteisi og er glatt og friðsamt í samskiptum. Að sögn leikskólastjóra er sáttmálinn það verkfæri sem hún nýtir sér þegar upp koma erfið mál í starfsmannahópnum. Starfsandi er skemmtinefnd sem stendur fyrir ýmsum uppákomum eins og vinaviku, jólagleði og samhristing utan vinnutíma.

Faglegur metnaður er í starfsmannahópnum og starfsfólk er duglegt að deila þekkingu sín á milli.¹⁸ Allir sem rætt var við töldu að hæfni þeirra, þekking og styrkleikar nýttust í starfi. Í öllum viðtölum og rýnihópum við stjórnendur, starfsfólk og foreldra kom fram að helsti styrkleiki leikskólans fælist í mannauðinum, fagmennsku og metnaði starfsfólks. Þá var starfsandinn einnig nefndur af mörgum sem einn af helstu styrkleikum leikskólans.

Styrkleikar

- Virkt og gott samstarf er við Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar.
- Til fyrirmyndar er það verklag að senda foreldraráði allar fundargerðir stjórnendafunda.
- Skýr tenging er á milli innra mats og starfsáætlunar.
- Vel er staðið að símenntun starfsmanna.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin tvisvar á ári.

17 Rýnihópur leikskólakennara og fagaðila, viðtal við leikskólastjóra.

18 Viðtöl og rýnihópar.

- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Til fyrirmyndar er hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf.
- Ákvarðanataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Til fyrirmyndar er hvernig litið er til mannauðs við skipulag faglegs starfs.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður er í starfsmannahópunum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn samhentur.

Tækifæri til umbóta

- Huga að endurskoðun skólanámskrár og gera í henni grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans, skipulagi sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli skóla, hvernig börn eru þátttakendur í innra mati og hvaða aðferðir eru notaðar til að meta þroska og nám barna. Skýra þarf tengsl við skólastefnu Garðabæjar.
- Gera skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið.
- Ljúka skráningu á verklagi deildarstjóra við móttöku nýrra starfsmanna.
- Skýra fyrirkomulag um deildarfundum svo þeir falli ekki niður.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Á deildum geta börnin verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða. Á hverri deild er ein stór stofa og inn af henni eru tvær minni stofur. Á öllum deildum er gert ráð fyrir listsköpun í annarri minni stofunni. Salurinn er fjölnota en þar er borðað, vinnustundir fara fram þar, tónlist, kórastarf og fleira. Góð aðstaða er til gólfleikja þar sem aðallega eru felliborð í leikskólanum. Samkvæmt dagskipulagi skiptist dagurinn á milli frjáls leiks, vinnustunda og útvistar.

Á yngstu deildinni er aðgengi barna að efnivið og leikefni ekki mikið. Hillurekki með körfum aðskilur rými í aðalstofunni og þar eru körfur með leikföngum sem merktar eru með myndum. Körfurnar eru stórar og er því erfitt fyrir lítil börn að ná þeim úr hillunum. Önnur leikföng eru geymd á hillum sem eru hátt uppi og ekki er sýnilegt hvað er í boði þar. Í innri stofum er aðgengi barna að leikföngum ekkert. Ekki virðist vera gert ráð fyrir að börnin hafi svampkubba, mjúk dýr, bangsa eða annað til að hnoðast með á gólfinu.

Eldri deildirnar hafa samskonar skipulag og þar er leikefni aðgengilegt að nokkru leyti. Tvær hillur eru það neðarlega að börnin hafa gott aðgengi að því sem er þar. Í annarri innri stofunni er ekkert aðgengi að leikföngum. Börnunum var boðið að taka með sér efnivið þangað inn til að leika með. Hátt uppi á bak við hurðina að þessum stofum er gat í veggnum sem notað er sem hilla og þar mátti sjá eitthvað sem tilheyrir hlutverkaleik. Í hinni innri stofunni er efniviður sem tilheyrir listasmíðju og sköpun. Efniviðurinn var ekki sýnilegur eða aðgengilegur börnunum, hann er lokaður inni í skápum og virtist vera frekar fábrotinn. Aðallega mátti sjá eitthvað sem tengdist myndlist eins og málningu. Blöð og litir eru aðgengilegir á eldri deildum. Ritmál er ekki mjög sýnilegt í umhverfinu og voru körfur með leikföngum ekki merktar með ritmáli. Verkefnið *Lubbi finnur málbeinið* er sýnilegt í leikskólanum sem og stafur vikunnar. Stafrófið sem tengist því verkefni er einnig á veggjum á öllum deildum. Að öðru leyti voru bók- og tölustafir ekki mikið sýnilegir. Bækur eru ekki aðgengilegar börnunum og urðu matsmenn varir við að starfsfólk var að ná í bækur í sameiginlegt rými starfsmanna fyrir samverustund. Lítið er um opinn efnivið fyrir börnin svo sem alls konar kubba og fleira sem eykur ímyndunarafi þeirra. Í salnum er skápur með einingakubbum til notkunar bæði í sal og inni á deildum. Verkfæri til vísindastarfa voru ekki sýnileg en í samræðum kom fram að þau eru til og tilheyra útikennslu en aðrir starfsmenn og börnin virtust ekki hafa aðgengi að þeim. Vináttuverkefnið *Blær* var sýnilegt í umhverfinu og á öllum deildum voru bangsarnir hafðir í hólum uppi á vegg en ekki aðgengilegir börnunum.

Starfshættir

Í skólanámskrá Hæðarbóls segir að leiðarljós þeirra byggi á jákvæðum samskiptum, gleði, ábyrgð, virðingu og vináttu. Leitast er við að gefa öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar og stuðla þannig að glöðum, sterkum og ábyrgum einstaklingum. Öll samskipti í skólasamfélaginu felast í því að hver og einn fái haldið virðingu og reisn.¹⁹ Mikil samvinna er á milli deilda í leikskólanum og er lítið á skólann sem eina heild. Í frjálsum tíma hafa börnin tækifæri til að fara á milli deilda til að leika við vini.

Haustið 2018 var byrjað á þróunarverkefni þar sem dagskipulag var endurskoðað og áhersla lögð á að hafa tvær eldri deildirnar aldursblandaðar og að dagskipulag þeirra einkenndist af vinnustundum, frjálsum leik og útvist. Í vinnustundum er unnið með ákveðin afmörkuð verkefni í hálfra eða heila klukkustund í senn og er börnunum skipt í fjögurra til sjö barna hópa eftir aldri. Í vinnustundum er börnunum af báðum eldri deildunum blandað aldurskipti í hópa. Þannig kynnast börnin þvert á deildir og félagaval verður fjölbreyttara.²⁰ Vinnustundirnar á tveimur eldri deildunum eru níu: Bernskulæsi, lífsleikni, spil og leikir, tónlist, heimspeki, íþróttir, sköpun, stærðfræði og útikennsla. Öll börnin fara einu sinni í viku í hverja vinnustund en auk þess fá elstu börnin aukalega vinnustund í bernskulæsi

19 Skólanámskrá Hæðarbóls.

20 Viðtal við leikskólalastjóra, rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara og fagaðila.

og lífsleikni. Öll börnin fara í íþróttir tvisvar í viku og auk þess fara þau vikulega í íþróttir í Mýrinni, íþróttahúsi Hofstaðaskóla. Elstu börnin á yngstu deildinni fara einnig vikulega í vinnustundir inni á sinni deild. Vinnustundirnar þeirra eru: Spil og leikir, lífsleikni og Lubbastund. Samkvæmt dagskipulagi fara auk þess öll börnin á yngstu deildinni vikulega í íþróttir, myndlist, útikennslu og stærðfræði. Tveir elstu árgangarnir eru í kór sem æfir einu sinni í viku. Börnin tala mikið um vinnustundirnar heima, einnig kórinn og Mýrina.²¹

Starfsmenn skipta vinnustundum á milli sín þannig að hver og einn ber ábyrgð á tiltekinni vinnustund. Fer það eftir áhuga og styrkleika hvers og eins hvaða vinnustund hann stýrir. Í upphafi verkefnisins var kortlagt hvar áhugi og þekking starfsmannsins lá og var vinnustundum úthlutað í samræmi við það. Vinnustundir eru unnar á tíu vikna tímabili á haustönn og öðru tíu vikna tímabili á vorönn. Hver vinnustund er fyrir fram skipulögð með áætlun þar sem skilgreind eru markmið og leiðir og í lok hverrar vinnustundar metur starfsmaðurinn hvernig til tókst og skráir. Leikskólastjóri heldur utan um allar vinnustundirnar og mat á þeim og á starfsdegi að vori fer fram endurmat. Í rýnihópum kom fram að starfsmenn eru ánægðir með vinnustundirnar og finnst gaman að fá að sérhæfa sig í því sem þeir hafa áhuga á. Engu að síður kom fram að þeim finnst aukið álag þær vikur sem vinnustundirnar eru. Þrátt fyrir álag kom skýrt fram að starfsmenn vildu ekki fara til baka og hætta með vinnustundir.²²

Börnin borða í sameiginlegum matsal þar sem matur er hafður á hlaðborði og þau skammta sér sjálf á diska. Starfsmaður er við hlaðborðið og aðstoðar börnin. Deildirnar borða saman hver fyrir sig þannig að þær skiptast á vikulega að vera í fyrri og seinni matartíma. Aðeins sjö elstu börnin af yngstu deildinni borða í matsal og fá þau matinn á borðið til sín en sækja ekki af hlaðborði. Hin börnin af yngstu deildinni borða inni á sinni deild. Á vettvangi sást að starfsfólk eldri deildanna sat ekki til borðs og borðaði með börnunum en gekk um salinn og gætti þess að allt færi vel fram.

Í rýnihópum kom fram að samræmt verklag er varðandi börn með krefjandi hegðun og er þar notað *Uppeldi til ábyrgðar*. Lögð er áhersla á að setjast í hæð barnanna gefa börnunum skýr, jákvæð skilaboð og einföld fyrirmæli. Þegar það dugar ekki er þeim boðið að fara og jafna sig í hólfinu sínu. Hegðunarmótandi aðferð eins og *PMTO* er notuð þegar á þarf að halda.²³ Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim finnst mikill metnaður ríkja í leikskólanum og að starfsfólk vinni af fagmennsku.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Í dagskipulagi hafa börnin ekki mikil áhrif og þau hafa til dæmis ekki val um hvort þau leika sér inni eða úti. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst mikil útivist og segja að stundum langi þeim að vera inni eftir hádegi t.d. þegar búið er að vera í vettvangsferðum, íþróttum í Mýrinni eða í annarri útivist um morguninn. Börnin nefndu að í vinnustund réði kennarinn og þau fengju ekki að ráða hvað væri gert þar. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að þeir væru með fyrir fram ákveðið verkefni í vinnustundunum og börnin væru ekki spurð hvað þau vildu gera. Töluðu starfsmenn um að betur mætti standa að lýðræðislegri þátttöku barna í leikskólanum og að vinnustundirnar væru svolítið á kostnað lýðræðis.²⁴

Helst má sjá lýðræðislega þátttöku barna í frjálsa leiknum á eldri deildunum en þar hafa börnin val um ákveðin viðfangsefni. Í rýnihóp barnanna kom fram að þau mættu ráða hvaða leikföng þau léku með í frjálsa leiknum en það mætti ekki taka allt, það þyrfti að taka saman leikföngin ef það væri komið mikið. Eins nefndu börnin að þau mættu ekki hætta alveg strax í leiknum, þau þyrftu að leika fyrst í svolitla stund. Börnin töluðu um að þau mættu fara á milli deilda til að leika við vini eða með önnur leikföng. Fleiri leiðir sem farnar eru til auka lýðræði barna er svokallaður óskalisti. Að hausti eru börnin spurð hvort þau hafi einhverjar óskir og búinn er til listi yfir óskirnar. Yfir veturinn er tekið eitt og eitt atriði af listanum og unnið með það.

21 Rýnihópur foreldra.

22 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og fagaðila og sérkennslustarfsmanna.

23 Rýnihópur deildarstjóra.

24 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og fagaðila.

Reglur voru sýnilegar uppi á vegg á öllum deildum og höfðu börnin mótað/skrifað þær og sett lófafarið sitt við. Í rýnihópum kom fram að reglurnar eru sáttmáli sem gerður er með börnunum á hverju hausti.²⁵ Börnin í rýnihóp sögðu að það væru reglur í leikskólanum og gátu nefnt nokkrar. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að auki við hinar skráðu reglur væru líka óskráðar reglur í leikskólanum sem væru búnar að vera lengi.

Í vettvangsathugun var sýnilegt að börnin eru hvött til sjálfshjálpar svo sem í fataklefa og í matsal. Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni og hugmyndum í samverustundum og á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau.

Námssvið

Í skólanámskrá Hæðarbóls er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.*

Gerð hefur verið læsisáætlun fyrir Hæðarból þar sem er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi. Þar segir meðal annars að markmið vinnustunda í bernskulæsi sé að hafa gaman saman. Börnin öðlist góða æfingu í hljóðkerfisvitund, klappa takt og ríma. Hlusti á hljóð í orðum og greini fyrsta- aftasta- og miðjuhljóð orða. Sundurgreina orð í stök hljóð og æfa samsett orð.²⁶ Í dagskipulagi er gert ráð fyrir að lesið sé að minnsta kosti einu sinni á dag fyrir börnin. Þau eru hvött til frásagnar og einu sinni í viku er samverustund sem börn stjórna. Fyrir samverustundina er barnið búið að undirbúa sig heima með aðstoð foreldra. Oft koma þau með mynd, bók, leikfang eða annað hjálpartæki til að nota við frásögnina. Í söngstund á föstudögum skiptast börnin á að kynna lögin sem eru sungin og í vinnustund í bernskulæsi eru þau líka hvött til frásagnar.²⁷ Þá er unnið með svokallaðan bókaorm en það er verkefni sem barnið vinnur með hjálp foreldra sinna. Foreldrar lesa bók fyrir barnið heima, ræða hana og barnið velur tvö orð úr sögunni sem það vill ræða nánar í leikskólanum. Í samverustund segir barnið frá bókinni og orðin sem það valdi eru rædd og ígrunduð. Að lokum er nafn bókarinnar skrifað á hring sem settur er upp á vegg og hringirnir mynda síðan orm. Fram kom í rýnihóp barna að þau höfðu mikinn áhuga á stöfunum. Þau merktu sjálf myndirnar sem þau teiknuðu og sum sögðust vera byrjuð að lesa.

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og íþróttfræðingur sér um vinnustundir í íþróttum. Samstarf er við Hofstaðaskóla um afnot af íþróttahúsinu Mýrinni og fara elstu árgangarnir vikulega þangað og yngri árgangarnir stunda íþróttir í sal leikskólans. Hluta úr vetri er samvinna við íþróttabraut Fjölbautaskóla Garðabæjar sem felst í því að nemandi frá þeim stjórna íþróttastundum í Mýrinni. Daglega er farið út ef veður leyfir. Á eldri deildum er útvíst tvisvar á dag fyrir og eftir hádegi. Útikennsla er ein af vinnustundunum og fara öll börn af eldri deildunum einu sinni í viku í vettvangsferð. Á dagskipulagi yngstu deildarinnar er einnig gert ráð fyrir útikennslu einu sinni í viku. Sérstök áhersla er lögð á hollt mataræði. Í lífsleikninni er unnið með vellíðan í tengslum við vináttuverkefnið Blæ.

Unnið er með sjálfbærni og vísindi í tengslum við vettvangsferðir. Einingakubbar eru í sal og eru þeir notaðir í stærðfræðistundum en í stundunum er líka unnið með Numicon kubba, tölur og form. Unnið er með flokkun í leikskólanum og börnin tina rusl á vorin í nærumhverfi skólans.

Listsköpun er unnin í sérstökum vinnustundum. Á vettvangi sást að meiri áhersla virtist vera lögð á afrakstur en ferlið og eru verkefnin mjög stýrð. Eins og í öðrum vinnustundum sáu matsmenn að starfsmaður í listasmiðju var búinn að ákveða fyrir fram hvaða verkefni væru í boði og hvernig þau væru unnin en verið var að þjálfva börnin í að klippa. Tónlist er ríkjandi í skólanum og er til fjölbreytt safn hljóðfæra. Þá kom fram hjá börnunum að þau væru stundum að leika leikrit. Tveir elstu árgangarnir eru einnig í kór sem æfir vikulega.

Börnin taka þátt í ýmsum menningarviðburðum. Boðið er upp á leikhúsferðir og hefur meðal annars leiklistarbraut Fjölbautarskólans í Garðabæ sett upp barnasýningu og boðið leikskólabörnum.

25 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og fagaðila.

26 Læsisstefna Hæðarbóls.

27 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara.

Foreldrafélagið býður börnunum á leiksýningu einu sinni á ári og elstu börnin fara á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónlistarskóli Garðabæjar býður upp á tónleika og börnin heimsækja bókasafnið og hönnunarsafnið. Kór leikskólans hefur sungið fyrir eldri borgara í Jónshúsi og einnig syngur hann þegar kveikt er á jólatrénu í bænum. Sívertsenhúsið í Hafnarfirði er heimsótt árlega.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Þau sögðust stundum vera glöð í leikskólanum en ekki þegar einhver væri búinn að vera leiðinlegur við þau. Börnin sögðu að ef einhver væri að stríða þá skömmuðu kennararnir þá. Þegar börnin í rýnihóp voru spurð hvernig þeim liði í leikskólanum kom fram að þeim líður vel en eitt barnið sagði þó að sér liði ekki vel af því að stundum væru nokkrar stelpur leiðinlegar. Í foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir alla foreldra í Hæðarbóli vorið 2019 kom fram að um 95% foreldra telja að barnið sé ánægt í leikskólanum. Að mati foreldra sem tóku þátt í rýnihópi líður börnunum vel í leikskólanum og nefndu þeir að mikil áhersla væri lögð á vináttu. Í rýnihópi leikskólakennara og fagaðila kom fram að þeir telja sig mæta börnunum af virðingu, jákvæðni, hvatningu og hrósi.

Á vettvangi og í rýnihópi barna mátti greina að elstu börnin þyrftu hugsanlega meira krefjandi verkefni og nefndu börnin meðal annars í því samhengi að þau vildu eiga kost á erfiðari þúsluspilum. Einnig var greinilegur áhugi þeirra á bókstöfum og bókum og langaði þau að spreyta sig á lestri.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í *TRAS* lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er gert *HLJÓM-2* próf á öllum elstu börnunum. *HLJÓM-2* er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Börnin eiga ferilmöppur og skráðar eru námssögur bæði mynd- og textaskráning. Á síðasta skólaári var ekki unnið með námssögur þar sem breytingar á persónuverndarlögum kölluðu á umræður um hvernig og hvað ætti að skrá. Sú umræða hefur farið fram og því er aftur byrjað að skrá námssögur.

Starfsmenn hafa útbúið gátlista sem stuðst er við í foreldrasamtölum. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum tvisvar á ári og í þeim samtölum hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með sína upplifun á stöðu barnsins. Deildarstjórar bera ábyrgð á að *TRAS* og *HLJÓM-2* sé framkvæmt en allir starfsmenn, sem hafa farið á námskeið og hafa tilskilin réttindi, framkvæma matið. Allir starfsmenn eru hvattir til að skrá námssögur.

Styrkleikar

- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum. Aukið rými til leikja og hreyfingar er skapað með því að hafa felliborð.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í gegnum vinnustundir.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að æfa börnin í að koma fram fyrir hóp og tjá sig.

- Mikil áhersla er á hollan mat og hreyfingu barna og tækifæri til samvinnu við nærsamfélagið eru vel nýtt.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Tónlistar- og kórstarf er skemmtilegt að mati barnanna.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Rýna námsgögn hjá yngstu börnunum með tilliti til aldurs og huga að því að auka við mjúkt leikefni.
- Endurmeta námsgögn leikskólans, marka stefnu um þau og auka aðgengi barnanna að þeim. Einkum þarf að huga að aðgengi barnanna að bókakosti, efnivið til hlutverkaleiks, sköpunar og rannsókna.
- Hugsa að því að gera ritmál sýnilegra í leikskólanum.
- Ræða hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.
- Ræða hvernig hægt sé að nýta matartíma barna betur til náms og samskipta.
- Leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni, svo sem í vinnustundum. Einnig má huga að því að auka lýðræðislegt val barna innan dagskipulagsins með hliðsjón af því að jafnvægi sé á milli skipulags starfs, útveru og frjálstra leikja.
- Leggja áherslu á ferlið í stað afurðar þegar unnið er að sköpun og aðlaga verkefnið að aldri og hæfni barnanna.
- Tækifæri liggja í að auka umhverfismennt.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti þar sem óskað er eftir foreldrum til starfa í ráðið. Í haust gáfu fulltrúar síðasta árs aftur kost á sér og ráðið er því óbreytt frá fyrra ári. Foreldraráð hefur ekki gert formlega starfsáætlun eða sett sér vinnureglur. Foreldraráðið er engu að síður virkt og fjallar meðal annars um allar breytingar á leikskólastarfinu og innra mat leikskólans. Ráðið kemur að undirbúningi foreldrafundar að hausti og les yfir og samþykkir starfsáætlun og skólanámskrá. Eins hefur foreldraráðið þrýst á bæjarstjórn um endurbætur á húsnæði og útisvæði. Ráðið fundar eftir þörfum, að jafnaði fjórum til fimm sinnum á ári og er það ýmist foreldraráðið eða leikskólastjóri sem eiga frumkvæðið að þeim fundum. Fundargerðir eru ritaðar en ekki er regla að birta þær opinberlega svo sem á heimasíðu leikskólans. Skýrsla stjórnar foreldraráðs skólaárið 2018-2019 er aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls og í henni koma fram helstu verkefni ráðsins.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru níu foreldrar í stjórn starfsárið 2019-2020. Á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti bjóða foreldrar sig fram í stjórn félagsins og allir sem bjóða sig fram komast í stjórnina. Foreldrafélagið kemur að ýmsum viðburðum í samstarfi við leikskólann og er þátttaka foreldra almennt góð á þeim. Að mati leikskólastjóra er foreldrafélagið góður stuðningur við leikskólann.

Foreldrafundur með foreldrum barna, sem eru að byrja í leikskólanum, er haldinn að vori. Þar eru kynntir starfshættir og stjórnarsýsla auk þess sem foreldrar undirrita eyðublað sem tilheyrir leikskóladvölinni. Viku fyrir aðlögun sendir deildarstjóri foreldrum upplýsingar um fyrsta aðlögunardag barnsins og aðrar hagnýtar upplýsingar. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja þá foreldrar börnum sínum þrjú fyrstu dagana. Eftir tvo mánuði eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtal og rætt um það hvernig gengur hjá barninu. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna.²⁸

Heimasíða leikskólans er virk og þar eru mikið af hagnýtum upplýsingum svo sem viðburðadagatal. Viðburðadagatalið er auk þess sent til foreldra og þegar nær dregur viðburði eru foreldrar minntir á með tölvupósti. Deildarstjórar senda vikulega tölvupóst til foreldra með upplýsingum frá deildinni. Upplýsingatafla er í fataklefa á öllum deildum þar sem daglega eru skráðar upplýsingar. Deildarstjórar hafa fasta viðtalstíma einu sinni í viku þar sem foreldrar geta hringt og einnig eru þeir til staðar einu sinni í viku á þeim tíma sem foreldrar eru að sækja börnin. Leikskólinn notar Karellen og geta foreldrar sótt upplýsingar þangað. Í rýnihóp foreldra kom fram að þeim finnst upplýsingagjöfin frá leikskólanum góð og nefna að margt hafi verið gert til að laga hana að óskum foreldra, svo sem varðandi heimasíðu, viðburðadagatal og vinnutíma deildarstjóra.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott.²⁹ Í rýnihópi voru þeir jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn. Foreldrar telja að styrkur leikskólans sé meðal annars stöðugleiki, fagmennska og metnaður starfsfólks. Þeir segjast eiga góð samskipti við starfsfólk og viðhorf starfsmanna til barna einkennist af hlýju og virðingu. Þeir telja að börnin fái viðfangsefni við hæfi og að komið sé til móts við hæfileika þeirra. Fram kom almenn ánægja meðal foreldranna með vinnustundirnar og nefndu þeir að börnin tali mikið um þær heima og finnst gaman í þeim. Foreldrar sögðust geta fylgst vel með hvernig barninu gengur í leikskólanum í gegnum foreldraviðtöl þar sem ítarlega er farið yfir framfarir barnanna. Foreldrum finnst gott að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda og voru þeirrar skoðunar að reynt væri að koma til móts við óskir þeirra. Í rýnihópnum kom fram almenn óánægja með aðbúnaðinn og aðstöðuna í fataklefunum og nefndu foreldrarnir að þeir skildu ekki rökin fyrir því að

28 Viðtal við leikskólastjóra, heimasíða/móttökuaætlun.

29 Rýnihópur foreldra.

ekki mætti skilja þurra útigalla eftir í leikskólanum yfir nótt. Í fyrrnefndri foreldrakönnun Skólapúlsins 2019 kemur fram að um 93% foreldra telja sig vera í góðum samskiptum við starfsmenn leikskólans. Í könnuninni kom fram athugasemd frá foreldri vegna kirkjuferðar leikskólabarna fyrir jólin. Í rýnihóp foreldra kom fram að þetta hafi verið rætt á fundi með foreldrum og hafi niðurstaðan verið sú að halda áfram með kirkjuferð fyrir þau börn sem það vildu en að gera eitthvað annað fyrir þau börn sem ekki færu.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf er við Hofstaðaskóla um gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann og yngstu barna grunnskólans í leikskólann yfir veturinn. Gerð er formleg samstarfsáætlun fyrir skólaárið að hausti. Áætlunin fyrir samstarf veturinn 2019-2020 gerir ráð fyrir fimm heimsóknum elstu barnanna í Hæðarbóli í grunnskólann til að skoða aðstöðu, taka þátt í samsöng, samveru á sal, kennslustundum og frímínútum. Einnig er á áætlun heimsókn í Regnbogann sem er tómstundaheimilið. Nemendur í fyrsta bekk Hofstaðaskóla koma í heimsókn í Hæðarból að hausti. Að vori hittast kennarar beggja skólastiganna til að endurmeta samstarf vetrarins. Í skólanámskrá kemur ekki fram hvaða gögn fylgja börnunum og hvernig staðið er að upplýsingagjöf um börnin þegar þau flytjast á milli skólastiga.

Annað samstarf

Gott samstarf er við Hofstaðaskóla og nýtir leikskólinn, Mýrina, íþróttahús skólans, fyrir íþróttir. Nemar á íþróttabraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ skipuleggja hreyfistundir fyrir börnin í Mýrinni og nemar á leiklistarbraut FG hafa sett upp barnasýningu þar sem leikskólabörnum var boðið að koma á sýningu. Kór leikskólans syngur við ýmis tækifæri, svo sem þegar kveikt er á jólatrénu í bænum, skóflustungur teknar og einnig syngur hann fyrir eldri borgara í Jónshúsi.

Styrkleikar

- Foreldraráð er virkt og hefur frumkvæði að fundum og efnistöfum funda.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Gott samstarf er við grunnskólann og grenndarsamfélagið og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Ræða í starfsmannahópnum hvernig hægt sé að koma til móts við óskir foreldra um að börnin fái að skilja útifötin eftir í leikskólanum á milli daga þegar þau eru ekki blaut.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum, upplýsir starfsmenn, gerir einstaklingsnámskrár, skipuleggur starfið, veitir ráðgjöf og fylgir eftir að unnið sé samkvæmt einstaklingsnámskrám. Þrír starfsmenn auk sérkennslustjóra sinna sérkennslu og stuðningi. Sérkennslustjóri er í stjórnendateymi leikskólans og situr stjórnendafundi. Hún situr líka deildarfundi og er því vel inni í öllum málum í leikskólanum. Ef grunur vaknar um þroskafrávik skoðar sérkennslustjóri málið með deildarstjóra og í framhaldinu eru foreldrar boðaðir á fund og þeir upplýstir um málið. Skrifleg beiðni um aðstoð er send til sérkennslufulltrúa Garðabæjar og í framhaldi af því fer fram greining. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning í samvinnu við foreldra. Út frá einstaklingsnámskrá er gerð þjálfunaráætlun. Einstaklingsnámskráin er endurmetin tvisvar á ári. Teymi er myndað um sérkennslubörn og eru teymisfundir haldnir á sex til átta vikna fresti. Teymi um barnið mynda sérkennslufulltrúi Garðabæjar, talmeinafræðingur ef við á, viðkomandi deildarstjóri, sérkennslustjóri, sérkennari/stuðningsaðili og foreldrar. Auk teymisfunda fá foreldrar sérkennslubarnanna reglubundin foreldrasamtöl tvisvar á ári sem sérkennarinn/stuðningsaðilinn tekur og sérkennslustjóri ef þurfa þykir.³⁰

Gott upplýsingastreymi er til starfsmanna varðandi sérkennslubörn. Starfsmenn eru upplýstir á deildarfundum um þjálfunaráætlun barnsins og hvernig gengur. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. Aðeins eitt herbergi er til staðar ef taka þarf barn út úr hópnum til þjálfunar. Fram kom að á morgnana þurfi að vera samráð um hvernig herbergið er nýtt yfir daginn.³¹ Að mati sérkennara/stuðningsaðila er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn.³² Fram kom í rýnivíðtali við sérkennara að þeir eru hvattir af stjórnendum að leita sér upplýsinga og fræðslu um þroskafrávik og einnig eru starfsmannafundir nýttir til fræðslu fyrir alla starfsmenn ef þurfa þykir. Fastir samráðsfundir eru með teymi af skólaskrifstofu annan hvern mánuð.³³ Í teyminu eru sérkennslufulltrúi, talmeinafræðingur og sálfræðingur ef óskað er eftir því. Teymið fundar með sérkennslustjóra þar sem farið er yfir stöðuna í leikskólanum, ný mál reyfuð og ef verið er að fjalla um ákveðin börn eða málefni ákveðinnar deildar þá kemur viðkomandi deildarstjóri á fundinn.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Lítið er um börn með annað móðurmál en íslensku í leikskólanum og við móttöku og aðlögun þeirra er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna nema túlkur er kallaður til ef foreldrarnir tala ekki íslensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öll leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er sérstaklega unnið með börn með annað móðurmál en íslensku. Notast er við túlkþjónustu í foreldrasamtölum þegar það á við.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi og þroskaþjálfar og listfræðingur sinna sérkennslu og stuðningi í leikskólanum.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Garðabæjar er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.

30 Viðtal við sérkennslustjóra.

31 Viðtal við sérkennslustjóra og rýnihópur sérkennara.

32 Rýnihópur sérkennara.

33 Viðtal við sérkennslustjóra.

- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að skrá skipulag sérkennslu og verkferil sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi. Leikskólastjóri hefur forgöngu um innra matið og ber ábyrgð á því ásamt matsteymi og stjórnendateymi.³⁴ Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta starfið. Fjögurra ára matsáætlun fyrir starfsárin 2017-2021 liggur fyrir. Ítarlegri matsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 er hluti af starfsáætlun leikskólans. Í henni kemur fram hvað á að meta, hvenær og hvernig. Þar eru einnig sett fram viðmið fyrir hvern matsþátt. Innra mat er notað til að meta bæði markmið leikskólans og leiðir að markmiðum. Ársskýrsla skólaársins 2018-2019 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í henni er gerð grein fyrir niðurstöðum innra matsins og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra mat Hæðarbóls byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna. Niðurstöður úr ytra mati, eins og Skólapúlsinum, eru nýttar í innra mat. Lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf einkenna innra mat leikskólans og umbótastarf í kjölfar þess.³⁵ Stjórnendateymið ákveður áherslur í innra mati og foreldraráð fer yfir mats- og starfsáætlun leikskólans og gefur umsögn. Einnig er starfandi matsteymi sem í eru þrír starfsmenn leikskólans sem ekki eru stjórnendur.³⁶ Framkvæmd innra matsins er samstarfsverkefni starfsfólks og leitað er eftir sjónarmiðum barna, foreldra og starfsfólks. Síðastliðið skólaár voru í tvígang tekin viðtöl við elstu árgangana í leikskólanum til að meta viðhorf barnanna til vinnustunda, kórstarfs og einnig líðan þeirra.³⁷ Foreldrar svöruðu foreldrakönnun Skólapúlsins og þegar niðurstöður lágu fyrir voru þeir boðaðir á fund þar sem niðurstöður voru kynntar og foreldrar höfðu tækifæri til að koma með tillögur til umbóta.³⁸ Leitað var eftir viðhorfum starfsmanna á matsfundum og í starfsþróunarsamtölum auk þess sem starfsmenn eru með símat í kjölfar vinnustunda. Annað hvert ár er starfsmannakönnun Skólapúlsins lögð fyrir í leikskólanum og var hún síðast lögð fyrir vorið 2018. Þegar niðurstöður úr innra mati liggja fyrir eiga sér stað samræður í starfsmannahópnum um þróun og umbætur.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður innra mats eru birtar á heimasíðu. Í ársskýrslu Hæðarbóls eru helstu niðurstöður dregnar saman en auk þess eru ítarlegri niðurstöður foreldrakannana og mats barna á vinnustundum aðgengilegar á heimasíðu. Niðurstöður innra mats eru kynntar fyrir starfsfólki og foreldraráði auk þess sem foreldrar fá niðurstöður foreldrakannana og mats barna sendar með tölvupósti.³⁹ Í ársskýrslunni er fjallað um tækifæri og leiðir til umbóta og einnig í mats- og starfsáætlun. Að sögn leikskólastjóra er umbótum fylgt kerfisbundið eftir. Allir sem rætt var við í viðtölum og rýnihópum gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hafði leitt af sér.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.
- Markmið leikskólans eru metin og skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna, foreldra og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu.
- Til fyrirmyndar er þátttaka barna í að meta leikskólastarfið.

34 Viðtal við leikskólastjóra.

35 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og fagaðila.

36 Rýnihópur leikskólakennara og fagaðila.

37 Viðtal við leikskólastjóra.

38 Ársskýrsla 2018-2019.

39 Viðtal við leikskólastjóra.

- Niðurstöður foreldrakannana eru formlega kynntar fyrir foreldrum og leitað er eftir hugmyndum þeirra um leiðir til umbóta.
- Gerð er grein fyrir niðurstöðum innra mats í ársskýrslu og fjallað um leiðir til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að tengja mat á námi og framförum barna í innra mat.
- Tímasetja umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasófnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Hæðarbóls í Garðabæ: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn er vel búinn fagfólki og uppfyllir ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara.
- Stefna leikskólans, hugmyndafræði og áherslur eru skýrar. Þátttakendur í öllum rýnihópum þekktu stefnuna og hún er vel sýnileg í starfi með börnunum.
- Virkt og gott samstarf er við Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar.
- Til fyrirmyndar er það verklag að senda foreldraráði allar fundargerðir stjórnendafunda.
- Skýr tenging er á milli innra mats og starfsáætlunar.
- Vel er staðið að símenntun starfsmanna.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin tvisvar á ári.
- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Til fyrirmyndar er hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf.
- Ákvarðanataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Til fyrirmyndar er hvernig litið er til mannauðs við skipulag faglegs starfs.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður er í starfsmannahópunum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn samhentur.
- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum. Aukið rými til leikja og hreyfingar er skapað með því að hafa felliborð.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í gegnum vinnustundir.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að æfa börnin í að koma fram fyrir hóp og tjá sig.
- Mikil áhersla er á hollan mat og hreyfingu barna og tækifæri til samvinnu við nærsamfélagið eru vel nýtt.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.

- Tónlistar- og kórstarf er skemmtilegt að mati barnanna.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Foreldraráð er virkt og hefur frumkvæði að fundum og efnistöfum funda.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er einstaklega gott.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Gott samstarf er við grunnskólann og grenndarsamfélagið og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla.
- Sérkennslustjóri er starfandi og þroskajálfar og listfræðingur sinna sérkennslu og stuðningi í leikskólanum.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Garðabæjar er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við sérkennslubörn.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.
- Markmið leikskólans eru metin og skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna, foreldra og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu.
- Til fyrirmyndar er þátttaka barna í að meta leikskólastarfið.
- Niðurstöður foreldrakannana eru formlega kynntar fyrir foreldrum og leitað er eftir hugmyndum þeirra um leiðir til umbóta.
- Gerð er grein fyrir niðurstöðum innra mats í ársskýrslu og fjallað um leiðir til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Setja barnasalerni í öll salernisherbergi barna og hafa möguleika á að loka salernin af. Einnig þarf að bæta skiptiaðstöðu barna og aðstöðu til að þurrka útifatnað.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til undirbúnings starfsmanna, fjölga salernum fyrir starfsmenn og stækka eldhús og þvottaaðstöðu.
- Gera lagfæringar á útileiksvæði barnanna, bæta dren, fjölga leiktækjum og stækka leiksvæði sem ætlað er yngstu börnunum.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri í leikskólanum.
- Huga að endurskoðun skólanámskrár og gera í henni grein fyrir núverandi starfsháttum leikskólans, skipulagi sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli skóla, hvornig börn eru þátttakendur í innra mati og hvaða aðferðir eru notaðar til að meta þroska og nám barna. Skýra þarf tengsl við skólastefnu Garðabæjar.

- Gera skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið.
- Ljúka skráningu á verklagi deildarstjóra við móttöku nýrra starfsmanna.
- Skýra fyrirkomulag um deildarfundi svo þeir falli ekki niður.
- Rýna námsgögn hjá yngstu börnunum með tilliti til aldurs og huga að því að auka við mjúkt leikefni.
- Endurmeta námsgögn leikskólans, marka stefnu um þau og auka aðgengi barnanna að þeim. Einkum þarf að huga að aðgengi barnanna að bókakosti, efnivið til hlutverkaleiks, sköpunar og rannsókna.
- Hugsa að því að gera ritmál sýnilegra í leikskólanum.
- Ræða hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.
- Ræða hvernig hægt sé að nýta matartíma barna betur til náms og samskipta.
- Leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni, svo sem í vinnustundum. Einnig má huga að því að auka lýðræðislegt val barna innan dagskipulagsins með hliðsjón af því að jafnvægi sé á milli skipulags starfs, útiveru og frjálsra leikja.
- Leggja áherslu á ferlið í stað afurðar þegar unnið er að sköpun og aðlaga verkefnið að aldri og hæfni barnanna.
- Tækifæri liggja í að auka umhverfismennt.
- Foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Ræða í starfsmannahópnum hvernig hægt sé að koma til móts við óskir foreldra um að börnin fái að skilja útifötin eftir í leikskólanum á milli daga þegar þau eru ekki blaut.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Æskilegt er að skrá skipulag sérkennslu og verkferil sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.
- Leita leiða til að tengja mat á námi og framförum barna í innra mat.
- Tímasetja umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Hæðarbóli leiðir í ljós að þar fer fram metnaðarfullt leikskólastarf. Stefna leikskólans með áherslu á *Uppeldi til ábyrgðar* birtist vel í starfinu. Fagleg stjórnun leikskólans er góð og hann er vel mannaður kennurum og öðru fagfólki. Til fyrirmyndar er hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf og hvernig litið er til mannauðs við skipulag faglegs starfs. Starfsandi er góður, gleði og virðing ríkir og starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf. Ákvarðanatöku einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Lögð er áhersla á að líta á leikskólann sem eina heild og er nám og kennsla skipulögð með það að leiðarljósi að börnin á eldri deildum blandist í vinnustundum. Í frjálsa leiknum hafa börnin einnig val um að fara á milli deilda. Börnunum líður vel í leikskólanum og að mati foreldra felst styrkur leikskólans meðal annars í stöðugleika, fagmennsku og metnaði starfsfólks. Vel er haldið utan um vinnu með sérkennslubörn og stuðning við starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Vel er staðið að innra mati í leikskólanum og til fyrirmyndar er þátttaka barna í matinu og hvernig leitað er eftir hugmyndum foreldra um leiðir til umbóta. Tækifæri til umbóta felast helst í því að leita leiða til að bæta aðstöðu barna og starfsmanna í Hæðarbóli og gera lagfæringar á útileiksvæði. Einnig að auka í lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni og endurskoða námsgögn leikskólans og aðgengi barnanna að þeim.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Ársskýrsla leikskólans Hæðarbóls. Skólaárið 2018-2019. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Heimasíða Garðabæjar: <https://www.gardabaer.is/>

Heimasíða Hæðarbóls: <http://www.haedarbol.is/>

Læsisstefna Hæðarbóls. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls: <http://www.haedarbol.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Mats- og starfsáætlun skólaársins 2019 til 2020. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Raddir barna um líðan í leikskólanum vor 2019. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Raddir barna um líðan í leikskólanum haust 2018. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Símenntunaráætlun Hæðarbóls 2019 til 2020. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Skólanámskrá Hæðarbóls. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls: <http://www.haedarbol.is/>

Skólapúlsinn. Foreldrakönnun leikskóla 2018-2019. Hæðarból. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Skólapúlsinn. Starfsmannakönnun leikskóla 2017-2018: Hæðarból.

Skólastefna Garðabæjar. Aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar: <https://www.gardabaer.is/>

Velkomin í leikskólann Hæðarból: Móttökuáætlun. Aðgengileg á heimasíðu Hæðarbóls:

<http://www.haedarbol.is/>

Viðtöl:

Símtal við leikskólafulltrúa Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara og fagaðila.

Viðtal við rýnihóp sérkennara.

Viðtal við sérkennslustjóra.

